



Alþingi
Nefndarsvið
Austurstræti 6-8
150 Reykjavík

Grindavík, 31. október 2021

Efni: Umsögn um þingsályktartillögu, mál nr. 315

Bæjar- og hafnarstjórn Grindavíkur vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri og hvetja um leið til þess að tekið verði meira tillit til óska Grindavíkurhafnar um framlög úr ríkissjóði í hafnarbætur sem taldar eru upp í umsókn um framlag til hafnabóta í samgönguáætlun Grindavíkurhafnar 2023-2027 (2024-2028) sem var unnin 11. júlí 2022.

Innsigling og snúningsrými innan hafnar

Óbreytt Innsigling til hafnarinnar annar ekki þörfum og eftirspurn viðskiptavina. Sérfræðingar Vegagerðarinnar ásamt heimamönnum hafa unnið að rannsóknum sem snúa að bættri innsiglingu og auknu snúningsrými innan hafnar svo hægt verði að taka á móti stærri skipum sem markaðurinn gerir kröfu um í dag. Tryggja þarf að áfram verði unnið að þessum rannsóknum og þær fjármagnaðar af ríkissjóði.

Nýting núverandi Innviða

Endurbæturnar þurfa að miða að því að auka tekjugrunn hafnarinnar án þess þó að auka á rekstrarkostnað hennar. Reiknað er með að hægt verði að nýta betur þá innviði sem eru til staðar og ekki þurfi að byggja fleiri viðlegukanta til að byrja með. Með þessum aðgerðum er verið að opna fyrir fjölbreyttari iðnað við höfnina sem mun koma til með að auka tekjur Grindavíkurhafnar.

Tækifæri framundan (sem geta farið forgörðum)


- Fyrirséð er að löndun á fiski komi til með að aukast umtalsvert vegna aðkomu kaupa SVN á Vísi.
- Nýr togari Þorbjarnar mun landa vikulega í Grindavík, ef aðstæður í innsiglingu **leyfa**.
- Mikil áhugi er á því að til Grindavíkur komi lítil skemmtiferðaskip (e. expedition). Til þess að það sé hægt þarf höfnin að geta tekið á móti allt að 160 m löngum skipum.
- Fiskifóður og annar varningur fyrir landeldi þegar framleiðsla er komin á fullt á Reykjanesinu. Nú þegar skilar þetta tekjum til hafnarinnar.
- Rafeldsneyti til útflutnings

Ofangreind tækifæri leiða í ljós haghvæma staðsetningu hafnarinnar m.t.t. minni útblásturs og minna álags á vegakerfið vegna styttri vegalengda með afurðir, aðföng og farþega.


Samkeppnishæfi

Færa má rök fyrir því að fjárhagsleg áhætta fyrir hafnarsjóð sé mun meiri ef kyrrstaða er valin í innviðauppbýgginu en að ráðast í umfangsmiklar hafnabætur. Umhverfi, nærsamfélagið, fyrirtæki og í raun allt landið mun njóta góðs af öflugri höfn í Grindavík sem er samkeppnishæf við aðrar nærliggjandi hafnir við Faxaflóa og á Reykjanesi. Niðurstöður þarfagreiningarvinnu Eflu leiðir í ljós að höfnin getur orðið flöskuháls og staðið í vegi fyrir uppbyggingu fyrirtækja á svæði þar sem áhersla er lögð á vöxt og útvíkkun rekstrar sem nýtir sér návígi við jarðvarma, gott aðgengi að raforku, nægilegt landrými og vinnuafli á svæðinu. Við verðum að vera samferða í þessum vaxtaráformum og vaxa samhliða til þess að ná meginmarkmiðum áætlana í samgöngu- og sveitarstjórnámálum þ.e.a.s að **“Innviðir mæti þörfum samfélagsins. Sjálfbærar byggðir og sveitarfélög verði um land allt.**

Virðingarfyllt



Sigurður Kristmundsson, hafnarstjóri



Fannar Jónsson, bæjarstjóri